



## LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík  
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604  
netfang: lanamal@lanamal.is  
veffang: <http://www.lanamal.is>

**Fréttatilkynning**  
30. júní 2023

## Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

### Þriðji ársfjórðungur 2023

- Á þriðja ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf í markflokkum fyrir **25-35 ma.kr.** að söluvirði<sup>1</sup>.
- Flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir markflokkar ríkisbréfa og munu markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.

### Útgáfa á árinu

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2023 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 140 ma.kr. að söluvirði á árinu. Útgáfa á fyrstu 6 mánuðum ársins nam 89,1 ma.kr. að söluvirði.

### Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á þriðja ársfjórðungi er áætluð á bilinu **25-35 ma.kr.** Líkt og í síðustu ársfjórðungsáætlunum verður áætluð hámarksútgáfa í einstökum flokkum ekki birt enda er mikilvægt að ríkissjóður hafi svigrúm til að ákvarða útgáfu á milli flokka eftir markaðsaðstæðum hverju sinni.

### Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla

Sveigjanleiki í vixlaútgáfu er mikilvægur og til greina kemur að bæta við útboðum á ríkisvixlum umfram það sem fram kemur í útgáfudagatali Lánamála.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.

---

<sup>1</sup> Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) með áföllnum verðbótum á höfuðstól, þ.e. verð með verðbótum en án áfallinna vaxta.